

Vesturbyggð  
Ármann Halldórsson,  
forstöðumaður tæknideildar  
Aðalstræti 63  
450 Patreksfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. janúar 2013  
Tilvísun: UST20121200153/há

## Deiliskipulag á Látrabjargi, skipulagslýsing

Umhverfisstofnun vísar í erindi Vesturbyggðar dags 18. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar vegna lýsingu á deiliskipulagi fyrir Látrabjarg og nágrenni.

### Almennt um deiliskipulagið

Deiliskipulagssvæðið nær yfir land þriggja jarða, Hvallátra, Breiðavík og Keflavík. Í ofangreindri lýsingu kemur fram að stærð svæðisins sé í allt um 9.000 km<sup>2</sup>. Umhverfisstofnun hefur fengið ábendingu frá höfundu að deiliskipulagslýsingu að um prentvillu sé að ræða og að svæðið sé um 90 km<sup>2</sup> að stærð.

### Náttúruminjar

Eins og fram kemur í greinargerð er fylgir ofangreindri lýsingu er svæðið er lýsing að deiliskipulagi nær yfir skilgreint í samþykktu aðalskipulagi Vesturbyggðar sem hverfisverndað svæði, sem viss hverfisverndarákvæði í 7 liðum gilda um. Þar kemur m.a. annars fram að mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask á hverfisverndaða svæðinu er háð samþykki umsýjaraðila og sveitarstjórnar sbr. skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og náttúruverndarlög nr. 44/1999. Athuga skal að ný mannvirkja- og skipulagslög hafa tekið gildi. Einnig kemur fram að sveitarstjórn í samráði við landeigendur getur sett frekari reglur um hverfisvernduð svæði síðar.

Jarðirnar Hvalláttur, Breiðavík og Keflavík eru á náttúruminjasrá einn og fram kemur í lýsingu en þar segir: „307. Breiðavík, Hvalláttur og Keflavík, Vesturbyggð (áður Rauðasandshr.), V-Barðastrandasýslu. (1) Svæðið markast af línu úr Stöð í Keflavík, um Kjöl (385 m y.s.), þaðan bein lína í Kóngshæð (402 m y.s.) og í Landamerkjahlein við Breið milli Breiðuvíkur og Vatnsdalsbótar. Látrabjarg, Bæjarbjarg, Breiðavíkurbjarg og Keflavíkurbjarg. (2) Stórkostleg fuglabjörg, hin mestu við Norður-Atlantshaf. Vel grónar bjargbrúnir og heiðar. Fjöldi þjóðminja.“

Einnig er tillaga í náttúruverndaráætlun 2004 – 2008 um að vernda ofangreint svæði ásamt

Rauðasandi sem þjóðgarð og í tillögunni segir: „*Svæðislýsing. Stórkostleg fuglabjörg, hin mestu við Norður-Atlantshaf. Vel grónar bjargbrúnir og heiðar. Fjöldi þjóðminja. Vestast á Látrabjargi eru Bjargtangar sem jafnframt er vestasti tangi landsins og álfunnar.*“ Einnig segir þar: „*Í Látrabjargi er stærsta álkubýggð í heimi og þar nær lundi líklega alþjóðlegum verndarviðmiðum. Miklar og tegundaauðugar leirur í Bæjarvaðli. Á svæðinu hafa orpið yfir 45 tegundir fugla, þar á meðal 7 tegundir á válista: Himbrimi, grágæs, straumönd, fálki, svartbakur, stuttnefja og hrafn.*“

Í ofangreindri lýsingu hafa textar er geyma röksemdir fyrir verndun og eru í náttúruminjaskránni og náttúruverndaráætlun skolast til svo stofnunin vill áréttta það með ofangreindum tilvitnunum.

Í greinargerð segir að í aðalskipulagi Vesturbyggðar sé gert ráð fyrir því að svæðið verði friðlýst. Þar segir m.a.: „*Talið er mikilvægt að svæðið verði síðar verndað skv. náttúruverndarlögum sem friðland eða þjóðgarður með sérstaklega áherslu á sjófuglabýggð, fjörusvæði, minjar, útivist og bættu móttöku á ferðamönnum*“ . Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að svæðið er til stendur að deiliskipuleggja verði verndað. Einnig bendir stofnunin á að í gildandi náttúruverndaráætlun 2009-2013 er gerð tillaga að verndun Látrabjargs og Rauðasands alls um 486 km<sup>2</sup>.

### **Skipulagsleg staða svæðisins**

Fram kemur í lýsingu að ekki er til deiliskipulag af svæðinu. Einnig kemur fram að í megin markmiðum samþykkt aðalskipulags Vesturbyggðar 2006 – 2018 segi að stuðla skuli að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða. Þar sem markmið er bæði að stuðla að varðveislu náttúruminja og einnig að auka vægi ferðaþjónustu er að mati Umhverfisstofnunar afar mikilvægt að það komi nákvæmlega fram í tillögu að deiliskipulagi, hvar ætlunin er að leyfa uppbyggingu þjónustu og einnig hvar hentar ekki að vera með uppbyggingu

### **Vegagerð**

Í greinargerð kemur fram að vegurinn sem nær frá þorpinu í Látravík og að Bjargtöngum verður hannaður og endurbættur m.t.t. umhverfis, öryggis og upplifunarháttá. Sú breyting sem verður jafnframt hluti af deiliskipulagi þessu er að vegurinn sem í dag liggur í gegnum þorpið á Hvallátrum verður lagður af og vegstæðið flutt upp fyrir þorpið. Ástæðan er sú að hann þykir valda mikilli sjónmengun og rykmengun og getur verið hættulegur vegna aukinnar umferðar út á Bjargtanga en einnig liggur hann í gegnum mitt þorpið. Markmið með breytingum á Örlygshafnarvegi er að styrkja svæðið í heild sinni með bættu vegsambandi og stuðla að farsælli þróun ferðamennsku á svæðinu. Í greinargerð segir að nýtt vegstæði og betri vegur munu stuðla að betri samgöngum og auknu umferðaröryggi á deiliskipulagssvæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að umræddar vegaf framkvæmdir eru á svæði nr. 307 á náttúruminjaskrá, framkvæmdin kann því að falla undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og því tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum en í lið 9. c er fjallað um nýja vegi utan þéttbýlis á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun bendir einnig á að samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd 38. gr. sem fjallar um hættu á röskun náttúruminja segir m.a. að leita skuli umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hættu er á að spillt verði náttúruminum á náttúruminjaskrá, sbr. 67. og 68. gr. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að tillit verði tekið til frístundabyggðar þegar veglína er skipulögð, og að straumur ferðamanna verði aðskilinn frá frístundabyggð að

Því marki að dvalargestir fristundabyggðar geti haft ró á sínu svæði þrátt fyrir heimsóknir ferðamanna á svæðið.

Fram kemur í greinargerða að deiliskipulagssvæðið verði meðhöndlað sem rammaskipulag sökum stærðar þess og umfangs, en þar sem gert er ráð fyrir að einhver uppbygging eigi sér stað, í Breiðavík, þorpinu á Hvallátrum, Bjargtöngum, Keflavík og hinu nýja vegstæði, verða gefnir út sér uppdrættir.

### **Áhrifa- og umhverfisþættir**

Í greinargerð segir að helstu þættir deiliskipulagsins sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum, eru vegagerð og efnistaka vegna endurbóta á Örlygshafnarvegi. Fram kemur í greinargerð að frá Hvallátrum og út á Bjargtanga er Örlygshafnarvegur skilgreindur sem landsvegur en samkvæmt vegalögum kemur til álita að skilgreina hann áfram sem tengiveg að vinsælum ferðamannastað, Látrabjargi. Samhliða gerð deiliskipulags verður unnin umhverfisskýrsla skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Í skýrslunni verður lögð áhersla á að meta framkvæmdir vegna endurgerðar Örlygshafnarvegur, þá sérstaklega vegna breytingar á vegstæði frá þorpinu á Hvallátrum en nýtt vegstæði verður skilgreint fyrir ofan þorp. Þá verður einnig fjallað um efnistöku og efnistökusvæði.

### **Kynning og samráð**


Fram kemur í greinargerð að Vesturbyggð skipaði vinnuhóp vorið 2011 í samstarfi við Umhverfisstofnun þar sem fulltrúar landeigenda ásamt fulltrúum Ferðamálastofu er boðið til frekari samvinnu og undirbjó vinnuhópurinn deiliskipulagsvinnuna og er til ráðgjafar í deiliskipulagsferlinu. Höfundar deiliskipulagsins munu eiga í samstarfi við Vegagerðina og einnig verður leitað til siglingastofnunar vegna þessa verkefnis. Samráðsaðilar verða Fornleifavernd ríkisins og Húsfriðunarnefnd. Umhverfisstofnun fagnar því að lögð sé áhersla á samstarf við helstu hagsmunaaðila við gerð deiliskipulags og telur sérstaklega mikilvægt að gott samráð sé haft við landeigendur á svæðinu.


### **Niðurstaða**

Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á að gerðar verði fullnægjandi ráðstafanir til að tryggja að svæðið á náttúruminjasrá tapi ekki verndargildi sínu og að það spillist ekki með aukinni mannvirkjagerð og aukinni umferð um svæðið. Stofnunin leggur einnig áherslu á að farið verið eftir lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 þegar kemur að mannvirkjagerð, í 35. gr. sem fjallar um hönnun mannvirkja segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmíðja og annara mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmót landsins“ .

Að öðru leyti en því er að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við lýsingu á deiliskipulag fyrir Látrabjarg og nágrenni.

Virðingarfyllst

  
Ólafur A. Jónsson  
deildarstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur